



Bessastöðum,  
19. mars 2020

Kristján Þór Magnússon  
sveitarstjóri í Norðurþingi  
Ketilsbraut 7–9  
Húsavík

Kæri Kristján.

Fyrir hönd okkar hjóna sendi ég ykkur í Norðurþingi hlýjar kveðjur og góðar óskir. Við stöndum núna í ströngu saman, þjóðin öll. Saman munum við vinna bug á veirunni skæðu.

Þið urðuð fyrir áfalli á Húsavík. Ég bið þig að koma á framfæri sérstökum þökkum til allra sem sinntu ferðalöngunum frá Ástralíu. Nú eru margir í heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu á ykkar heimaslóð í sóttkví. Þá mæðir meira á öðrum þótt allir reyni að sjálfsögðu að leggja sitt af mörkum heima fyrir.

Ég veit að þið öll munuð áfram sýna hvað í ykkur býr. Það eru þingeyingar þekktir fyrir. Ég ítreka hugheilar kveðjur okkar Elizu og óska ykkur alls velfarnaðar.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðni Th. Jóhannesson".

Guðni Th. Jóhannesson